

## Hver er Valli?

Cornelis Aart Meijles, stundakennari við Lbhí

**Lykilorð** — Fjarkennsla, ritgerðarskrif, skoðunarferðir, siðfræði

### I. INNGANGUR

Á undanförunum árum hafa orðið töluverðar breytingar á skipulagi og kennslu í háskólastörfum. Þar sem námskeið og áfangar voru áður fyrir kennt að jafnaði í stofu, hefur fjarnám rutt sér hressilega til rúms. Þessi þróun hefur verið fremur hæg fyrst um sinn en sífellt fleiri nemendur sækja núorðið fjarnám. Þetta er allavega tilfellið hjá Lbhí þar sem ég hef verið stundakennari síðan árið 2003. Á þeim tíma var ég að kenna fyrir fulla stofu nemenda en þegar skylt varð að taka kennslustundirnar upp, svo að þeir nemendur sem gátu ekki mætt í tíma gátu hlustað á upptökur síðar, tók nemendafjöldi í stofu fljótt að minnka. Á tímum COVID-19 byrjuðu kennarar að taka upp og setja inn í Canvas heilu námskeiðin sín, án þess að hitta nemendur í eigin persónu. Kennarinn hefur þá enga hugmynd um hver nemendur eru sem eru hinum megin við skjáinn, m.ö.o. hver „Valli“ sé. Þó að þessi þróun hafi verið hentugt fyrirkomulag fyrir nemendur úti í heimi hefur þessi breyting haft neikvæð áhrif á almenna skilvirkni námsins að mínu mati. Væri það þegar nokkuð strembið fyrir að koma á umræðu t.d. á fundum í Teams, þá lognast sá möguleiki nánast út í uppteknu kennsluefni. Þetta gerir námið rýrara og yfirborðskenndara en áður.

### II. AÐFERÐ

Til að „endurheimta“ tengslin við nemendur hef ég verið að breyta vinnulagi í „mínum“ námskeiðum. Í fyrstu lagi er ég byrjaður að skipuleggja skoðunarferðir til viðeigandi fyrirtækja og stofna. Í öðru lagi hef ég verið að þróa og innleiða sérstakt matsblað fyrir ritgerðir sem nemendur þurfa að vinna. Í þriðja lagi hef

ég komið inn í námsefni umræðu um nálgun sem ég kalla „siðrænið búskaparhættir“. Hér á eftir mun ég útlista þessar aðferðir nánar.

**Skoðunarferðir** skipta miklu máli. Nemendur fá tilfinningu fyrir alvöru framkvæmdum í raun og nútíma, sjá með eigin augu, heyra, finna lykt, sjá stærðargráðu á vinnslu sem þar fer fram og heyra sögu starfsmanna. Einnig skapast færi fyrir spurningar og umræðu sem og persónuleg kynni nemenda og kennara.

Í nokkuð ítarlegu **matsblaði** met ég ritgerð út frá mismunandi atriðum og sjónarhornum og rökstyð þannig einkunnagjöf. Á matsblaðinu koma fram 7 mismunandi atriði sem ég met lið fyrir lið með einkunn 1-10, legg svo saman tölurnar og deili með 7 til að fá út heildareinkunn fyrir verkefnið. Ég kynni þetta fyrirkomulag fyrir nemendum. Svo fjalla ég ítarlega um hvernig má skrifa góðan inngang en hann er mjög mikilvægur liður í mótun og þróun ritgerðar.

Í kennsluefninu og -aðferðum sem ég nota kem ég iðulega **siðferðilegum skyldum** okkar á framfæri hvað varðar nútíma lífnaðarhættir. Ég hvet nemendur til að tileinka sér gagnrýna hugsun í þeim efnum t.d. hvað varðar mikla úrgangsmýndun, umhverfisspjöll, afturför í líffjölbreytileika, rýrnun á jarðvegsfrjósemi og aukin verksmiðjuframleiðsla dýra og dýraaðfurða. Á undanförunum árum hafa borist ömurlegar fréttir úr ýmsum áttum um vanbúnað og illa umhirðu á húsdýrum, eldislaxi og blóðtöku úr hryssum. Gjörðir matvælafamleiðanda við að ná kostnaðinn sem mest niður virðast gjarnan koma niður á náttúrunni, umhverfinu og lífsgæðum eldisdýra. Mörgum sýnist það vera allt í lagi enda viljum við helst borga sem minnst fyrir matvæli. En mér finnst það mikilvægt að standa upp fyrir umhverfið og þær lífverur sem geta

ekki verjað sig og sporna jafnframt gegn því að menn tala niður til þeirra sem er ekki sama um þessi mál.

### III. NIÐURSTÖÐUR

Skoðunarferðir og vel rökstudd endurgjöf við ritstörf eru metið mikils af nemendum og hafa kvartanir um (lága) einkunnagjöf hjá mér snarminnkað síðan að ég innleiddi matsblaðið. Nemendur eru jafnframt oftast nær mjög sáttir við gagnsæi sem mín aðferð við mat á ritgerðum fylgir. Aðstoð, leiðbeining og aðhald í greinargerðaskrif, möguleikar til að hittast í skoðunarferðum og eflingu á gagnrýna hugsun eru ómissandi liðir í þrókaferli nemenda og sjálfsöryggi inn í lífið. Ég hef oft spurt nemendum hvort mínar kennsluaðferðir hafi verið þeim gagnleg og fæ alltaf mjög ákveðin jákvæð viðbrögð við því: það er mikils metið og almennt ekki nóg í brennidepli við námið, að ég heyri oft sagt.

### IV. UMRÆÐUR

Við Lbhí er verið að kenna áfanga strax á 1. námsári sem heitir *‘Vinnulag og aðferðir’* þar sem er farið yfir það hvernig á að skrifa ritgerð og skýrslu, hvernig efni er skipt niður í inngang, efni og aðferðir, meginmál, niðurstöður, lokaorð og svo framvegis. Hvernig vitnað er í heimildir, hvernig myndir og töflur eru skráðar. Síðan er ætlast til þess að nemendur æfa sig í skrifum þaðan í frá en þetta virðist ekki ganga upp. Núna kvarta nemendur á 3. námsári yfir því að það sé allt of mikið af ritgerðum sem þarf að skila, að eftirfylgni og þverfaglega handleiðslu sem og heildstæða nálgun kennara við mat á ritgerðum vanti. Það virðist ekki sjálfgefið að nemendur tileinki sér til hvers er ætlast af þeim í náminu, hve mikil vinna er á bak við hverja einingu og hvernig eigi að vinna verkefni til þess að þau standist kröfur kennaranna. Við þurfum öll að vanda okkur, standa saman og hjálpast að, til að gera námið betra og skilvirkara.

Það er að vísu töluverð vinna sem fylgi því að skipuleggja skoðunarferð og einnig að beita „minni“ aðferð við mat verkefna. Þessi nálgun virðist gera samskipti við nemendur persónulegri þó hún sé ekki

nema rafræn að stærstum hluta, svo að þeir fá kannski meira út úr náminu en ella. Það sama má segja um skoðunarferðir sem að mínu mati skipta sköpum í meðtöku málefnisins sem verið er að fjalla um og kenna.

Að skrifa góðan texta er ekki hæfileiki sem allir búa yfir af sjálfum sér - flestir þurfa að læra það. Þetta er jú mikilvægt veganesti inn í lífið sem nemendur geta lært, æft og meðtekið á námsárunum.

Mér finnst það hlutverk Lbhí að stuðla að gagnrýnni hugsun nemenda og tilgreina, verja og brýna siðferðislegar skyldur okkar hvað varðar virðingu fyrir náttúru, vatni, jarðveg, skepnum og mannfólki við landbúnaðarstörf. Væntanlega á þetta við fleiri námsgreinar innan háskólaumhverfisins. Það er spurningin um hvernig við viljum „kynna“ okkur í þessu samhengi og hvert viljum við stefna? Siðferðislega nálgun í háskólakennslu ætti að vera hluti af almennum gæðastörfum háskólans að mínu mati.